

Ed.

427. Breytingartillögur

við frv. til fjáráukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

I. Frá samgöngumálanefnd.

Við 5. gr.

Á eftir 12. lið komi 2 nýir liðir, svo hljóðandi:

a. Til mótorbátsferða milli Grímseyjar og lands árið
1921, alt að kr. 1000,00
Styrkurinn veitist eftir tillögum sýslunefndanna í
Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum.

b. Til mannflutningaferða milli Borgarness og Reykja-
víkur á hentugum tímum, alt að... .. — 250,00

II. Frá Karli Einarssyni.

Við 5. gr.

Á eftir 13. tölulið komi nýr liður, svo hljóðandi:

Skaðabætur til fyrv. stöðvarstjóra í Vestmannaeyjum,
A. L. Petersen — 17000,00

Til vara — 10000,00

III. Frá Guðmundi Guðfinnssyni.

Við 9. gr. 4. (Ekkja Matthíasar Jochumssonar).

Fyrir »1200 kr. ásamt dýrtíðaruppbót eftir launalög-
um — 2848,00« komi:
2000 kr., ásamt dýrtíðaruppbót eftir launalögum — 4400,00

IV. Frá fjárveitinganefnd.

Við 11. gr.

Á undan 1. lið koma tveir nýir liðir:

- a. að ábyrgjast nauðsynleg rekstrarlán handa Landsbankanum.
- b. að ábyrgjast alt að 325 þúsund kr. viðbótarlán fyrir Reykjavíkurborg til rafveitunnar.

V. Frá fjárveitinganefnd.

Við 11. gr. 1.

Á eftir orðunum »alls byggingarkostnaðar« kemur:
gegn þeirri ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.